

Meistararnir

Ég hef í fyrri greinum mínum minnst á meistarana, fullnumana, adeptana, djúpvitringana, hina miklu fræðara, eins og þeir eru stundum nefndir. Ég hef verið mjög í vafa um hvort ég ætti að fást frekar við þetta óvenjulega en þó hugðnæma efni. Eftir nokkuð nána yfirvegun hef ég álitnið rétt að fara nokkrum orðum um það til þess að gefa mönnum ofurlitla bendingu um þá, einkum þeim sem hefðu einhverja löngun til þess að kynna þeim og ættu þess ekki kost að kynna sér umsagnir þær sem til eru um þá, störf þeirra og viðleitni. Þó eru umsagnir þessar í rauninni mjög takmarkaðar, því að fátt eitt hefur verið sagt um störf þeirra. Þau eru svo marghliða og víðtæk, og megnið af þeim alls ekki skýranlegt eða skynjanlegt mönnum almennt.

Áður en lengra er haldið vil ég gera tilraun til þess að svara þeirri eðlilegu spurningu: **Eru meistarar til?**

Tilvist meistara

Líti maður á lífið í kringum sig, einkum á mennina, þarf maður ekki lengi að ganga í grafgötur um það að allt er á mjög mismunandi stigi hvað gáfum viðvíkur, skerpu, dugnaði og hæfni yfirhöfuð, bæði í andlegum og veraldlegum skilningi.

Í sama bænum, í sama kaupúninu, og jafnvel á sama heimilinu, birtast okkur þessi fyrirbrigði í mjög áberandi og glöggri mynd. Við kynnumst manni sem almennt er sagt um að hafi lítið meira en gripsvit í fórum sínum. En við hlið hans hittum við mann sem er mesti snillingur í nálega öllum greinum. Honum er allt í augum uppi, eins og komist er að orði. Hann er gáfaður, skarpvitur, listfengur með afbrigðum, hugvitsmaður og hagleiksmaður á allt sem hann fæst við.

Það er áberandi mikið djúp staðfest á milli þessara tveggja manna. Og hver er nú sú viðunandi skýring á þessu fyrirbrigði? Eru þessir menn, og verða þeir ævinlega, staðbundnir við þessa afstöðu sem þeir hafa nú með tilliti til þroska og hæfni?

Ef við gætum þess jafnframt að á milli þessara tveggja manna, tveggja andstæðna, að okkur virðist, eru menn á ótal þroskastigum, og ef við gætum þess enn fremur að margir þessara manna taka sífelldum breytingum í hæfni og skarpleika, sem viðfangsefnin, lífið og aldurinn, hefur fært þeim í skaut, þá hljótum við að draga þá ályktun að ekkert sé í raun og veru staðbundið, allt sé háð órjúfanlegri framför og vexti, jafnvel þótt okkur þyki oft og tíðum ömurlega seint sækjast róðurinn.

Væri þá óskynsamlegt að álíta, að eins og mannverur eru til sem eru svona langt komnar í þroska, bæði vitsmunalega, andlega og verklega og nú hefur verið lýst, þá væru til verur, menn, sem væru komnir mörgum sinnum lengra á þroskabraut sinni en þeir? Borið saman við mismun þann sem við höfum fundið og bent á hér að framan, væri þá engin fásinna að álykta að mikill möguleiki væri fyrir því að slíkar verur — menn — væru til, sem frá okkar

Meistararnir

sjónarmiði virtust vera alfullkomnir. Hiklaust má því halda því fram að tilvist meistara, eða ofurmannna, sé raunveruleiki. Trúarbrögðin benda ótvírætt á þetta. Kristindómurinn segir frá einum slíkum, Jesú Kristi. Í ritningunni stendur þetta: „Verið fullkomnir, eins og faðir yðar á himnum er fullkominn.“ Hér er bersýnilegt fyrirheit um það að mennirnir geti orðið fullkomnir, og um leið fyrirsögn um það að meistarar geti orðið til — og að þeir séu til og hafi alltaf verið til, því að öðrum kosti hefði umsögn eins og þessi engan stuðning í veruleika. Umsögnin hlýtur að vera byggð á þeirri reynslu að það hafi átt sér stað, eigi sér stað og geti átt sér stað, að til séu fullkomnir menn.



Annie Besant
1847 – 1933

Ýmsir dulfræðingar halda því fram að meistarar séu til, og að þeir hafi kynnst þeim að meira eða minna leyti, og notið fræðslu þeirra. Þess utan eru ýmsir, þótt ekki séu þeir dulfræðingar eða nemendur meistara, sem einnig halda ákveðið fram tilvist þeirra. Sjálfur er ég í engum efa um það að þeir eru til, að þeir eru veruleiki, en ástæður mínar fyrir því eru þannig vaxnar að þýðingarlaust er að birta þær. Menn væru litlu eða engu nær þótt ég skýrði frá reynslu minni í þeim efnum.

Þessar stuttu athuganir verð ég að láta nægja sem svar við spurningunni um tilvist meistaranna. Mér liggur enginn hugur á að sannfæra neinn sem ekki vill sannfærast um gildi þessarar staðhæfingar um tilvist meistaranna, heldur á þetta að vera stuðningur þeim sem **vilja** athuga það mál nánar.

Heimildir

Það sem ég flyt hér um þetta efni er að sjálfsögðu tekið eftir öðrum, en ekki persónulegar frásagnir. eru það ýmsir höfundar sem lagðir eru til grundvallar, til dæmis Leadbeater biskup, Alice Bailey, Cyril Scott, Besant o.fl., aðallega þó sá fyrstnefndi.



Alice A. Bailey
1880 – 1949

Ég rita þetta niður sem eins konar yfirlit eða ágríp af því sem ég hef kynnt mér um þessi efni. Efnið er þeirra, en búningurinn og frásögnin er mín.

Meistararnir



Sanat Kumara

Það gefur að skilja að þeir eru á mismunandi þroskastigi, eins og þeir sem neðar þeim standa á þroskabrautinni.

Það er engin lítilsvirðing fyrir neinn þótt einhver standi honum hærra, eða upphæfð fyrir hann þótt annar standi á lægra þrepi í stiga þróunarinnar. Allir standa á því stigi sem þeir raunverulega hafa náð, og þar getur enginn

samjöfnuður átt sér stað eða samanburður, því að spurningin er ekki um annað en það hvar hver hafi staðið áður, og hve vel hann hefur notað sér tækifærin, svo að sá eini samanburður gildir aðeins, sem lítur á hvernig hlutaðeigandi var fyrir einum mannsaldri og hvernig hann er nú. Samanburðurinn nær eingöngu til einstaklingsins sjálfs, en ekki annarra. Allra síst eiga slíkir smámunir sem mannjöfnuður sér stað þegar um meistarana er að ræða. Hann á ekki við.

Æðstur allra meistarara er talinn sjálfur konungurinn í hinum andlega heimi, hann, sem gengur undir nafninu **Sanat Kumara**, hin eilífa æska. Er hann sem ungmenni að sjá. Byr hann í Shamballa, eyjunni fögru í Gobi. Er hann einn af logadrottunum sem komu hingað til jarðarinnar frá Venusi fyrir nálega 6½ milljón ára til þess að taka að sér umsjón þróunarinnar hér á jörðu. Er því haldið fram, að hann hafi níu andlegar vígslur. Hann hefur ekki aðeins umsjón með þróun mannkyns, heldur einnig allra náttúruríkjanna og ber ábyrgð á henni gagnvart þeim sem honum stendur ofar að völdum og er honum miklu völdugri. Það er sagt að hann hafi svo víðtæka vitund að ekkert gerist, hvorki í þessum heimi né næstu tveim heimum fyrir ofan hann eða innan, sem hann ekki veit. Allur þessi hnöttur og geðheimar hans, sem ná miðja vegu milli hans og tungls, og hugheimar, sem ná út fyrir tunglið, svífi innan í ljóshjúp hans, og því hafi hann þessa völdugu vitund. Hefur hann sér til aðstoðar þrjá logadrottna, sem eru hér enn, og eru þeir lærisveinar hans. Eru þeir nefndir Pratyeka-Buddhar, og hafi 8 vígslur. Er sagt að þeir séu að búa sig undir að taka við sams konar embætti og konungurinn hefur nú, þegar þróunin flyst héðan til Merkúrs, þegar heimsvist hennar er lokið hér að þessu sinni.

Hjá honum er haldin ráðstefna sjöunda hvert ár til þess að ræða og ráðslaga um tilhögun þróunarinnar á næstu sjö árum. Mæta þar hinir allra æðstu leiðtogar þróunarinnar hér, ásamt æðstu leiðtogum, eða konungum, náttúruríkjanna allra, sem hafa umsjón með þróun þeirra. Hve völdugar þessar verur eru er gersamlega ógerningur að vita, en hitt er víst, að ekkert náttúrulögmál er til eða birting þess, nema að þar standi á bak við vitsmunavera. Sanat Kumara er því í raun réttir sá eini fullkomni stjórnandi sem þessi veröld á til, og hún lýtur honum í auðmýkt, án þess þó að vera sér þess vitandi. Er hann fyrirmynd allra framtíðarstjórnenda. Hann hefur til varðveislu veldissprota nokkurn, sem gerður er úr alveg sérstakri viðartegund, og ganga eldblossar út úr endum hans. Stafur þessi er geymdur í Shamballa, og var magnaður af plánetulogos þeim er réð yfir hnattakeðju okkar innan sólkerfisins þegar mannþróunin var sett af stað. Hvílir athygli logosar sólkerfisins á þessum hnetti meðan konungurinn hefur þennan staf í höndum sem umboðsmaður hans. Þeir sem ég nú hef nefnt eru árangur af Venusarþróuninni, sem er langt á undan okkur, sem nemur jafnvel hundruðum billjóna ára miðað við fornt austurlenskt tímatal. Þeir eru því ekki mennskir menn.



Hæsti tindur Himalayafjalla

Það má segja að næst konunginum standi þrír stjórnendur, og ráða þeir hver um sig yfir ákveðinni starfsgrein þróunarinnar. Eru þeir nefndir: **Manu**, sá sem ræður yfir hinni jarðnesku þróun mannkyns. **Maitreya**, mannkynsfræðari sá sem ræður yfir trúarbrögðunum og allri fræðslu, og **Maha-Chohan**, lávarður menningarinnar, sem ræður yfir fimm greinum menningar og er því stundum nefndur „fimm fingur Guðs“. Samsvarar Manu föðurhlið guðdómsins og er fulltrúi hennar, Maitreya sonarhlið guðdómsfyllingarinnar, og er því nefndur „sonur Guðs“ í alveg sérstæðum skilningi, eða „Kristur“, en Maha-Chohan er fulltrúi hins heilaga anda, eða hinnar hugrænu hliðar guðdómsfyllingarinnar. Þeir þrír sem ég hef nú nefnt hafa sjö vígslur. Er því haldið fram, að þeir hafi vald til þess að meðhöndla náttúruöfl sem vinna í öllu sólkerfinu. Allir þessir þrír eru árangur mannkynsþróunarinnar.

Buddha er sá sem var mannkynsfræðari á undan Kristi, og hefur lokið við starf sitt sem slíkur. Lauk hann því í síðustu jarðvist sinni, er hann var hér nálægt fimm öldum fyrir Krist. Hefur hann síðan horfið að mestu frá mannkyninu og þróun þess, en birtist þó einu sinni á ári til þess að leggja blessun sína yfir heiminn og hið „Hvíta Bræðralag“, eins og meistararnir eru stundum nefndir í sameiningu. Gerir hann það í sambandi við hina svonefndu Wesakhátíð, sem haldin er undir fullu tungli í maímánuði ár hvert. Er hún haldin í sunnanverðri Tíbet, rétt norðan við Himalayafjöllin á hásléttu einni. Er hið Hvíta Bræðralag þá saman komið við það tækifæri ásamt nokkrum nemendum meistaranna, og heill hópur pílgríma sem áhorfendur. Birtist Buddha við það tækifæri á suðurlofti, í Buddhastellingu, og er jafnvel sýnilegur sumum pílgrímanna. Hefur Buddha átta vígslur á fræðaraleiðinni, eða *gula geislanum*, og hefur enginn mennskur maður enn náð þeirri vitundarhæð nema hann. En það er vegna hennar að hann er farvegur fyrir alveg sérstaka tegund alveruorku, og veitir öllu mannkyni með henni blessun sína við þetta tækifæri í alveg sérstökum skilningi.




Buddha

Manu hefur verið konungur og ríkisstjórnandi í ótal jarðvistum í fortíðinni, og er nú hlutverk hans að sjá um þróun arísku þjóðanna. Áður en arísku þjóðirnar hófu göngu sína valdi hann úr Atlantisþjóðunum fyrstu persónurnar til þess að verða foreldrar þessa mikla ættbálks, Arianna, og fór með þá alla leið til Gobi, sem er frumadsetur hvíta kynstofnsins. Gerðist þetta fyrir nálega 60 þúsund árum. Lét hann sig fæðast hjá þessum frumforeldrum, og jafnvel aftur hjá afkomendum þeirra, til þess að móta útlit kynstofnsins í sem nánustu samræmi við hina guðdómlegu hugsun, eins og hann (guðdómurinn) hafði hugsað hann í öndverðu áður en sólkerfið varð til. Vitund hans, Manus, er svo há og voldug að hann getur séð og skynjað fyrirætlanir guðdómsins um þróunina. Og í samræmi við þessa áætlun vinnur hann. Hann heldur starfi sínu áfram um aldaðir, meðan nokkur er sá til sem telst til arísku

Meistararnir

þjóðanna og þarf á umsjón hans og aðstoð að halda, bæði í veraldlegu og stjórnarfarslegu tilliti. Hann er náinn samverkamaður konungsins og umboðsmaður hans á þessari leið, leið stjórnendanna, eða á þróun *rauða geislan*s.


Meistarinn **Maitreya**, eða Kristur, eins og hann er nefndur á Vesturlöndum, tók við æðstaprestsembætti sínu fyrir 19 öldum af Buddha, og birtist í sambandi við lærisveininn Jesúm í fyrsta sinn sem mannkynsfræðari, og var þá kristindómurinn stofnaður. Hefur hann í fortíðinni unnið sem leiðtogi, fræðari og forstöðumaður í launhelgum fornaldar í ótal jarðvistum. Ber honum að birtast sex sinnum enn sem mannkynsfræðari, til þess að reisa við og styrkja gömul trúarbrögð, eða móta nýja kenningu, eða þá gömlu, sem ævinlega er sígild, í nýjum búningi sem hæfir menningarstigi ófæddra kynslóða. Er því haldið fram að hann og Buddha séu bræður tveir frá sama skóla, og séu einn fyrsti árangur af þróun mannkynsins. Hafi þeir komið hingað til jarðar með fjórar vígslur endur fyrir löngu, á dögum Atlantisþjóða, og síðan með kærleika og fórnarlund náð svo háum þroska, að þeir voru þess megnugir að takast á hendur jafn víðtækt og stórfenglegt starf, að vera fræðarar manna svo milljónum skiptir af árum. Að loknu starfi sínu varð Buddha buddha viskunnar, en Maitreya verður buddha miskunnseminnar.



Maitreya, (Kristur)

Sumir halda því fram að hann birtist nú, og tilraun hafi verið gerð til þess, en hafi mistekist, eftir því sem fullyrt er. Því er og haldið fram, að nýr mannkynsfræðari muni ekki birtast fyrr en í upphafi síðasta fjórðungs þessarar aldar, eða um 1975.

Maha-Chohan, lávarður menningar, er lítið þekktur meðal manna, eins og Manu. Er það vegna þess að hann þarf ekki eins áberandi að skipta sér af mönnum og fræðarinn. Hann hefur því gleymst hér á Vesturlöndum. Hann hefur yfirumsjón með öllum starfsgreinum manna, nema þeim sem teljast rauða geislanum, stjórnendunum, og gula geislanum, fræðurunum. Hann stjórnar því fimm geislum, og er því sagt að hann sé *fimm fingur Guðs*. Hann er því farvegur fyrir fimm tegundir orku, sem streyma til hans frá guðdómi þeim sem ræður yfir þessu sólkerfi er jörðin telst til. Er meðal annars eitt af hans mörgu hlutverkum að jafna þessa orku og láta hana streyma niður í sem heppilegustu ásigkomulagi, svo að sem mest og best verði gagn að fyrir heildarþróunina. Því er haldið fram, að vitund hans sé svo víðtæk, að hann svari hverri einustu hugsun sem honum er send, hvaðan úr veröldinni sem hún kemur og án tillits til þess hver sendir hana.



Maha-Chohan


Meistararnir

Ég vil taka það fram að meistararnir, ofurmennin, eru langt hafnir yfir allt persónulegt. Þeir vinna í sambandi við hvern sem er, og hvernig sem hann er, aðeins ef hann er tiltækur til einhvers þess starfs sem þeir telja nauðsynlegt að innt sé af hendi. Það er haft eftir einum slíkum manni, að hann hafi sagt við nemanda sinn eitthvað á þessa leið: Þótt þú hafir 99 galla en aðeins eina dyggð fullkomna, þá ertu nothæfur.

Þessir þrír sem ég nú hef nefnt hafa á hendi yfirstjórn hins Hvíta Bræðralags hér á jörðu, sem af sumum er nefnd „hvíta stúkan“, og hefur aðsetur sitt í Himalaya.

En þeir eru ekki án aðstoðar. Næstir þeim standa sjö aðstoðarmenn, hver yfir sinni grein þróunar, eða geisla, og eru taldir ráðendur hans. Er talið að þeir hafi allir sex vígslur í hinum andlega heimi.

Meistarinn M. (Morya). Er hann ráðandi rauða geislans, stjórnendanna, og aðstoðarmaður Manus. Hefur hann að baki sér ótal jarðvistir sem konungur og ráðandi í ýmsum þjóðfélögum fortíðar. Er sagt að hann sé prins af Rajput. Býr hann nálægt norðanverðum Himalaya, syðst í Tíbet. Er hann annar þeirra tveggja meistarar sem tókust á hendur það hlutverk að stofna Guðspekifélagið og bera ábyrgð á því. Var frú Blavatsky nemandi hans, og fól hann henni þetta hlutverk í hinum ytra heimi að stofnsetja og starfrækja félagið ásamt samverkamanni hennar, Olcott ofursta. Höfuðtilgangurinn með þessari



Morya



H.P. Blavatsky og H.S. Olcott

starfsemi er sá, að ala upp flokk manna um allan heim sem verði nothæfir starfsmenn og leiðtogar í hinni nýju menningu, sjötta kynstofninum, sem hefur göngu sína til fulls, að sagt er, um 2600 eftir Krist, og á að búa á landi sem kemur upp úr Kyrrahafinu, vestur af Mexico. Það er verið að lyfta hafsbotninum þar upp, uns þar verður þurr land sem ætlað er þessari framtíðarmenningu. Ráðandi þeirrar menningar verður hann, Meistarinn M, sem Manu þess kynstofns. Meistarinn M. kvað taka fáa nemendur, því hann kvað frekar framkvæma en tala, og ef hann talar þá er það afar stutt og gagnort.




Koot Hoomi

Meistarinn K. H. (Koot Hoomi), er ráðandi gula geislans, fræðaranna. Er hann því aðstoðarmaður mannkynsfræðarans Maitreya, eða Krists. Hann býr einnig í Tíbet á sama stað og meistarinn M. Hann er prins af Kashmir. Hefur hann verið æðstiprestur og leiðtogi í launhelgum fornaldar í ótal jarðvistum. Er hann annar sá sem tók á sig ábyrgðina á stofnun Guðspekifélagsins, og hefur átt mikinn þátt í fræðslu þeirri sem félaginu hefur verið úthlutað, sérstaklega í sambandi við bréf þau sem til eru eftir hann til starfsmanna þess á fyrstu árunum.

Meistararnir

Eru það ýmsar markverðar leiðbeiningar og bendingar. K. H. var, í einni af fyrri jarðvistum sínum, gríski spekingurinn Pythagoras, sem var uppi 600 árum f.Kr. Hafði hann nán kynni af Egyptum og menningu þeirra og gerðist þátttakandi í launhelgunum egypsku, og tók jafnvel öll þeirra stig. Hann stofnaði og starfrækti launhelgar, bæði á Grikklandi og Ítalíu. Talið er að hann hafi veitt vestrænum þjóðum aðalatriði og undirstöður stærðfræðinnar.



Pythagoras
570 – 495 f.Kr.

Meistari sá, sem nefndur er *Feneyingurinn*, ræður rauðgula geislanum. Er hann fyrsti aðstoðarmaður Maha-Chohans. Er það nánast hin hærri heimspeki sem hann vinnur með. Sumir telja að hann hafi að einhverju leyti með listir að gera og listaviðleitni manna, jafnvel þótt það teljist frekar verkefni þess sem næstur kemur við sögu. Er því haldið fram að hann sé írskur, eða hafi írskan líkama, og hafi lifað síðan á 14. eða 15. öld. Annars er mjög lítið vitað um störf hans og líf. Hans hefur mjög lítið verið getið af þeim sem um þessi efni hafa ritað.

Meistarinn Serapis. Er hann annar aðstoðarmaður Maha-Chohans og ráðandi græna geislans. Kvað hann nú vera á Egyptalandi. Hefur hann listirnar að nokkru undir höndum og hefur áhrif á þær. Hann kvað einnig mjög hafa með náttúru-andapróunina að gera, og er það líklega hans aðalverkefni. Hann kvað hafa grískan líkama.



Serapis

Meistarinn Hilarion. Er hann þriðji aðstoðarmaður Maha-Chohans og ráðandi indigóbláa geislans. Birtist sú starfsgrein sem hlutræn vísindi, og er verkefni hans því að hafa áhrif á og örva alls konar þekkingu með mönnum og þróa hina hugrænu hlið þeirra, sem að sumu leyti er sérstakt verkefni þeirrar kynslóðar eða menningar sem nú er uppi, fimmta kynþáttarins. Er hann snillingur á fullkomið málfar. Hann kvað hafa þýtt „**Leiðarljós**“ úr koptisku á grísku og svo úr grísku á ensku, og lesið það fyrir höfundinum, M. C., sem reit þennan sígilda gimstein, sem er í innsta eðli sínu jafn mikil leiðbeining meisturum eða fullnumum, sem nemendum. Er sagt að frumhandritið hafi verið skráð á tíu pálmaviðarblöð, fyrir um 28 þúsund árum, á tungu sem nú er liðin undir lok. Hafi hann bætt við í ritið skýringum og athugasemdum ásamt fjórðu hverri setningu aðalefnisins.



Hilarion

Meistarinn Jesús. Er hann fjórði aðstoðarmaður Maha-Chohans. Hefur hann sýrlenskan líkama og býr í Libanonsfjöllum. Hann ræður bláa geislanum. Eitt aðalverkefni hans er að hafa umsjón með hinni kristnu kirkju. Hann var lærisveinninn Jesús, sem tók að sér það hlutverk fyrir 19 öldum, að vera ytra verkfæri mannkynsfræðarans Krists, til þess að gefa vestrænum þjóðum kristnu trúna. Litlu síðar tók hann meistarastigið, sem Appollonius frá Tyana. Þá birtist hann á 14. öld, í Tíbet, og hreinsaði norður-Buddhatrúna, gekk hann þá undir nafninu Tsongkapa, og stofnaði hina ráðandi munkareglu í Tíbet sem nefndir eru „gulhettur“.



Jesús Kristur


Meistararnir

Er Dalai Lama æðstiprestur hennar. En Taschi Lama er aftur á móti æðstiprestur þeirrar munkareglu í Tíbet sem nefna sig „rauðhettur“. Sumir halda að Taschi Lama sé veraldlegur stjórnandi í Tíbet, en það er misskilningur. Þeir sem hafa lesið bækur Alexöndru David-Néel, sem hefur dvalið 14 ár í Tíbet, vita að hér er um tvær munkareglur að ræða, og að klerkavald ræður í Tíbet, en ekki veraldleg stjórn.

Þegar meistarinn Jesús var hér sem Appollonius frá Tyana, tókst hann á hendur það hlutverk að ferðast um og grafa niður í jörðu eins konar verndargripi sem voru mjög magnaðir, eða hlaðnir, æðri orku, og eiga þeir að varðveitast til framtíðar. Sumir þessara gripa hafa nú þegar, jafnvel á okkar dögum, verið teknir í notkun, og geisla því stöðugt frá sér þessum krafti, en aðrir eru lokaðir enn þann dag í dag. Gæti ég hugsað að Lourdes væri ef til vill einn þessara staða.

Á þetta er bent til þess að sýna að hið Hvíta Bræðralag sér langt fram í tímann og viðhefur undirbúning jafnvel árpúsundum áður en til fullrar notkunar kemur.

Meistarinn R. (Ragoczy). Er hann fimmti aðstoðarmaður Maha-Chohans. Hann er ráðandi sjöunda geislans eða skipulagsgeislans, fjólubláa geislans. Hann er oft nefndur „hinn ungerski adept“. Talið er að hann eigi margar jarðvistir í Evrópu. Hafi hann verið hinn heilagi Albanus, Roger Bacon, Bacon lávarður, sá sem sumir halda fram að sé hinn raunverulegi höfundur Shakespeares ritanna. En síðasta og núverandi jarðvist hans sé Greifinn af Saint Germain, sá, er mjög kom við sögu á 18. öld og þekktur var á meðal Evrópuþjóðanna sem afar undarlegur maður, en þó gæddur óþrjótandi og órjúfanlegri þekkingu á nálega öllum sviðum. Því er haldið fram að hann hafi um og eftir aldamótin 1700, einu sinni eða tvívegis verið austur í Persíu og lært þar dulspeki, og þá list að halda líkama sínum síngum. Hefur hann staðið í nánu sambandi við launhelgar fornaldar, einkum Egypta, og átt sinn mikla þátt í stofnun og starfi þeirra hér á Vesturlöndum. Hefur hann staðið mjög í sambandi við Musterisriddarana, Jóhannesar-riddarana, Mölturiddarana, Rósarkrossriddarana og frímúrara. Það er sagt að hann hafi á 13.



Meistarinn Ragoczy



Lytton lávarður
1799 – 1877

öld stofnsett hér í Evrópu, ásamt 12 bræðrum öðrum sem endurholdguðust ásamt honum á sama tíma, hina miklu og dularfullu Rósarkrossreglu. Er sagt að Lytton lávarður hafi verið síðasti félagi hennar á Englandi, svo vitað sé. Bera bækur hans vott um að hann hafi kynnst hinni egypsku speki. Meistarinn R. hefur alla tíð staðið á bak við öll þessi félög, og mörg önnur sem hér verða ekki talin. Eitt aðalhlutverk hans er að vinna á hinni „sermoniellu“ línu. Er hann yferráðandi hennar. Er sagt að hann hafi tvo aðra meistarara sér til aðstoðar, því að þessi grein mannlegrar starfsemi lætur meira til sín taka nú en áður átti sér stað. Auk þessa vinnur hann mikið

Meistararnir

verk á fyrsta geisla, eða hinum rauða, sem aðstoðarmaður Manus. Hefur hann umsjón með öllum pólitískum hreyfingum Norðurálfunnar, einkum hernaðarþjóðanna. Er það mikið og örðugt verk.

Um hæfileika hans hefur einn nemenda hans eitt sinn verið spurður. Hann kvaðst ekki geta sagt í hverju hann virtist fullkomnastur. Hann virtist afburða-snillingur í öllu. Hann talar nálega öll tungumál Norðurálfunnar, og þess utan Austurlandamál, svo sem hindúsku og persnesku. Hann er rithöfundur með afbrigðum, fiðlusnillingur dásamlegur og óviðjafnanlegur listmálari. Svo er hann efnafræðingur mikill og hefur djúptæka þekkingu á dulefnafræði.

Auk þessara meistara er ég nú hef nefnt eru fleiri sem ekki eru nafngreindir, þar á meðal eru að minnsta kosti tveir enskir, einn amerískur í Bandaríkjunum, einn kínverskur og nokkrir indverskir og einn Tíbetani. Indverski meistarinn, öldungurinn frá Tiruvallur, býr í Nilgiri-hæðunum. Er sagt að viðfangsefni hans sé meðal annars að kafa djúpt niður í rúmið og rannsaka víðáttur tilverunnar.

Sá yngsti meðal meistaranna heitir *Djwal Khul*, og er Mongóli. Tók hann meistarastigið árið 1880. Dvelur hann með meisturunum Morya og Koot Hoomi í Tíbet og starfar sem aðstoðarmaður þeirra og þjónn.



Djwal Khul

Flestir meistaranna taka ekki nemendur, en örfáir gera það.

Vinna meistaranna og viðleitni þeirra

Eins og áður er getið er mjög lítið skýrt frá vinnubrögðum meistaranna. Það er því hið allra einfaldasta af því tagi sem unnt verður að segja frá. Enda mundu menn ekki hafa þess not, jafnvel þótt eitthvað hefði að okkur borist í þeim efnunum frekar en orðið er, miðað við það þroskastig sem menn almennt standa á nú.

Til þess að gera sér ofurlitla hugmynd um skynjun þeirra má benda á eftirfarandi frásögn eftir Leadbeater:



C.W. Leadbeater
1854 – 1934

Hann kveðst hafa, eitt sinn, bent meistarara sínum á einn mann sem hann áleit að væri hæfur til þess að verða nemandi. Meistarinn bendir honum á, að hann þekki hlutaðeiganda og viti vel hvernig sé ástatt með hann. Það sé karma hans sem í þessari jarðvist standi í vegi fyrir því að hann geti orðið nemandi nú. Hann eigi stutt eftir ólifað, og í næstu jarðvist verði hann tækur sem nemandi. En meistarinn bætir við: „Til þess nú að fullvissa þig um að ekkert fari fram hjá okkur ætla ég að sýna þér það.“ Þá rennir meistarinn vitund sinni saman við hans vitund, og lyftir henni mörgum sinnum hærra en

hann (Leadbeater) hefur nokkur tók á að ná, og þá kveðst hann sjá yfir heim allan. Við sjáum allan jarðarhnöttinn, með öllum sínum milljónum sálna, og flestar þeirra lítt þroskaðar og því ógreinilegar. En innanum þennan mikla fjölda sálna sást ein og ein sál sem farin er að nálgast það að geta gert ákveðið gagn, þá lýsir hún eins og skær viti í náttmyrkri. „Nú geturðu séð,“ kvað meistarinn, „að það er alveg útilokað að nokkur, sem farinn er að nálgast nemandastigið, geti farið framhjá vitund okkar.“

Á þessu litla dæmi má sjá hve óendanlega mikið djúp er staðfest á milli almennrar skynjunar og þeirrar sem hér er lýst. Sé þetta haft í huga geta menn skilið möguleika þá sem meistararnir hafa til þess að framkvæma störf sín í þágu mannkyns.

Eitt viðfangsefni meistaranna er til dæmis að setja á stofn, eða réttara sagt *láta* setja á stofn, félagsskap eða stofnanir, sem þeir geta svo notað sem farveg fyrir orku þá er þeir hafa yfir að ráða til þess að lyfta undir þróunina og flýta fyrir henni. Ein slík starfsemi, svo að einhver sé nefnd af mörgum, er Guðspekifélagið. Megnið af þeirri fræðslu sem þegar hefur verið gefin í gegnum félagið um lífið og tilveruna var áður lokað í launhelgunum, og dýpsta fræðslan falin í formi tákna og líkinga. En um leið og félagið er fræðslu- og námsfélag, er það orkustöð fyrir andlegan kraft, sem meistararnir veita í gegnum það. Þeir tveir meistarar sem tekið hafa að sér ábyrgð á félaginu hafa yfirsýn yfir allar stöðvar þess og stúkur. Þeir mynda eins konar samband á milli sín og þeirra í gegnum hin hærra tilverustig þar sem tilveran er eitt, og tími og rúm er horfið. Eru þetta eins konar pípur, eða orkufarvegir, og eftir þessum farvegum er svo hin guðdómlega orka leidd alla leið, og því betur sem ein stúka og ein deild í félaginu starfar, og því meiri friður og jafnvægi er til staðar meðal félaganna, því meira getur hlutaðeigandi stúka veitt móttöku af þessari orku. Það er því alveg á valdi hvers og eins féлага að hve miklu leyti hann er nothæfur eða ekki til þess að leggja sinn skerf til verksins. En með því að við menn erum ófullkomnir, það er ef til vill ekki nema ein hlið okkar sæmilega nothæf, þá er hægt, þar sem menn eru samansafnaðir í friði og eindrægni, að nota þessar nothæfu hliðar þeirra og gera úr þeim eina sæmilega fullkomna heild — nægilega opinn farveg fyrir orkumagn heiminum til aðstoðar. Þessi orka er svo að nokkru leyti látin fljóta yfir umhverfið sem stúkan starfar í og tendra hið andlega eðli hvers og eins, og á þann hátt eru mennirnir, þeir sem aldrei koma nærri þessari starfsemi, við og við baðaðir í orku guðdómlegs lífs — alveg sérstakar tegundar af orku sem samansafnað er í þessum tilgangi.

En Guðspekifélagið er ekki sú eina stofnun sem notuð er og starfrækt í líkum eða hliðstæðum tilgangi, þær eru margar, þar á meðal er kirkjan. Hún er einn slíkur farvegur fyrir guðdómlega orku, er hún það í gegnum messurnar og sakramentin. Eru þau farvegur fyrir sérstaka orku sem henni er ætluð. Meistarinn Jesús er sérstakur meðhöndlari þessarar orku í sambandi við kirkjuna. Jesús vinnur stöðugt að því að leiða kirkjuna og hennar menn smátt og smátt inn á þær brautir sem í öndverðu var ætlast til að hún fetaði.

Á bak við öll trúarbrögð og trúarbragðastefnur eru og hafa verið launhelgar. Er þar gefin meiri og dýpri fræðsla en almennt er gefinn kostur á viðvirkjandi trúarbrögðunum, tilveru

þeirra og tilgangi. Því lengra sem komið er á hinni innri leið í sambandi við launhelgarnar, því betur opnast skilningurinn á því að öll trúarbrögð eigi í raun réttri einn sameiginlegan uppruna, þá nálgast launhelgarnar, þrátt fyrir ólíkt ytra form, þessa einingu. Fara þá deilur um formsatriði, kennisetningar og aukaatriði smátt og smátt að hverfa og afmást úr vitund þeirra sem feta hina innri duldu leið, sem er á bak við öll trúarbrögð. Þess vegna eiga þau einn sameiginlegan uppruna og einn einasta æðstaprest, og sá sem hefur það embætti nú er meistarinn Maitreya. Það er meðal annars af framangreindum ástæðum að meistari, eða ofurmenni, hefur tekið að sér vernd og umsjón sérhverra hinna miklu aðaltrúarbragða veraldar.

Hinar ýmsu reglur miðalda voru einnig undir áhrifum og til orðnar fyrir framtak meistaranna og hins Hvíta Bræðralags. Voru þær einnig notaðar á líkan eða hliðstæðan hátt og kirkjan.

Þetta sem ég nú hef sagt er aðeins örlítið af vinnu þeirri sem meistararnir framkvæma. Þær leiðir sem ég nefndi eru ekki einstæðar, þær hafa engan einkarétt á leiðinni til fullkomunar eða til sáluhjálpar, hversu dýrmætar sem þær eru. Lífið sjálft, eins og það er, hið daglega líf, er einnig skóli, og ekki minnsti skólinn, sem leiðir manninn að lokum inn á helgunarbrautina. Viðfangsefni þessa heims eru sannarlega strangur skóli, og þeir sem hafa náð verulega heilbrigðum tókum á þeim eru langt komnir áleiðis á þróunarbraut sinni andlega séð.

Stjórn málin, hin ytri viðfangsefni þessa heims, eru og leið til fullkomunar. Ættu þeir sem lesið hafa með athygli greinar mínar um „þjóðskipulag og þróun“ að hafa gert sér nokkra grein þess að svo muni vera. Stjórn málin eru eitt örðugasta verkefni nemandans, þess, sem er á leið rauða geislans, eða stjórnendanna. Því er hún af sumum talin örðugasta leiðin.

Hið Hvíta Bræðralag hefur einnig umsjón með þjóðunum. Skipta meistararnir þeim þar af leiðandi á milli sín í eins konar umsjónarumdæmi. Meistarinn Ragozy hefur tekið að sér hina pólitísku umsjón Norðurálfunnar, einkum Mið-, Suður- og Austur-Evrópu. Einn meistari, sem ekki er nafngreindur, hefur umsjón með Englandi og breska heimsveldinu. Annar hefur Bandaríkin og Ameríku, einn hefur Indland.

Reyna þeir alls staðar að hafa áhrif á stjórn málamennina, gefa þeim hugmyndir um það hvernig best skuli vandamálin leyst. Aðvara þá þegar um hættur er að ræða og fá þá til þess að breyta til og afstýra vandræðum. Þannig var það til dæmis að Greifinn af Saint Germain gerði margar tilraunir til þess að aðvara konunginn í París og hirðina áður en byltingin braust út fyrir aldamótin 1800, en þeir trúðu honum ekki og töldu öllu óhætt, og því fór sem fór.

Því taka þeir, meistararnir, ekki fram fyrir hendur manna með þessu mikla valdi sem sagt er að þeir hafi yfir að ráða?

Það er aldrei gert, því að mennirnir verða að læra að taka réttar ákvarðanir, þeir verða að hafa frelsi til þess jafnvel að gera rangt, því að öðrum kosti læra þeir ekki hina miklu og vandasömu lexíu lífsins. Þeim eru þrásinnis gefnar alvarlegar bendingar, en svo verða þeir að taka ákvarðanirnar, því að þeir verða að taka á sig ábyrgðina. Þeir læra ekki að vinna, og vinna viturlega, nema þeir fái og hafi þetta frelsi. Þeir verða að taka afleiðingum gerða sinna þangað til þeir hafa lært þetta. En þegar illa hefur tekist til taka meistararnir strax til óspiltra málanna að fást við viðreisnarstarfið og að koma öllu sem fyrst á rétta leið. Þeir vinna sem **þjónar** en ekki drottendur, í þeim skilningi sem mennirnir skilja það hugtak.

Allar listir eru mikið áhugamál meistaranna, vísindi og verklegar og andlegar framfarir, því að ekkert er þeim óviðkomandi sem hafa valið sér hið veglega og mikla hlutverk að vera þögulir þjónar mannkyns. Það er til dæmis sagt að meistarinn Koot Hoomi, sem er afburðasnillingur, hafi gefið Wagner uppistöðuna að hinu fræga tónverki sínu Lohengrin. Sagt er að meistarinn Ragozy hafi gefið Vesturlöndum síðasta byggingastúlinn, sem andlegastur er og fegurstur, gotneska stíllinn.

Áður en ég lýk þessu, vil ég bæta hér við ágripi af frásögn Cyrils Scotts um heimsókn hans til meistarans Sir Thomas, sem á heima einhvers staðar á Englandi, utan Lundúnaborgar. Nafnið „Sir Thomas“ er gervinafn. Tildrög atviksins greini ég ekki. Þess skal getið, að meistarinn



Cyril Scott
1879 – 1970

Justin Moreward Haig — Scott er lærisveinn hans og er hann kunnur af bókinni „**Inn vígði**“, ¹ sem komin er út á íslensku fyrir nokkru — var einnig gestkomandi hjá Sir Thomas, ásamt nemanda sínum, Lyall. Kl. 10 árdegis hittust þeir allir samkvæmt fyrimælum húsbóndans á tröppum hússins. Fylgdi hann þeim inn í annan enda hússins, þar sem Scott hafði aldeil komið áður. Var það eins konar kapella. Var hún byggð í boga, og voru steindar rúður í gluggum. Voru fjórir stólar í kapellunni, sinn handa hverjum þeirra. Var þar að finna sérkennilegan en þó þægilegan reykelsisilm. Þetta mun hafa verið hugleiðingaherbergi húsbóndans. Þegar þeir höfðu setið litla stund þögulir, þrýsti Sir Thomas fingri á enni Scotts. Rétt í sömu svifum opnast vitund hans, og hann kveðst bæði heyra og sjá á æðri sviðum; hæfileiki, sem hann kveðst ekki hafa venjulega. Kvaðst hann þá heyra að meistarinn K. H. er að leika á hljóðfæri sitt austur í Tíbet. Er þetta hljóðfæri þannig gert, að í horni aðalstofunnar er annar hluti þess, en í horni herbergisins fyrir innan er hinn hlutinn. Er annað orgelharmoníum, en hitt fortepiano. Má leika á þau hvort út af fyrir sig, en svo má tengja þau saman þannig, að ef leikið er á annað, þá spila bæði samtímis. Hefur hann látið gera sér þessi hljóðfæri eftir eigin fyrirsögn. En Scott heyrir meira. Hann heyrir einnig að söngenglarnir, Gandharvas, syngja undir og svífa í loftinu yfir bústað meistarans. Stendur hann í nánú sambandi við söngenglana

¹ Þarna vísar J. Á. til fyrstu útgáfu þessarar bókar, þá var hún rituð með fornum rithætti, *Inn vígði*, h-ið féll niður. Seinna var hún endurútfegin, og þá nefnd *Hinn vígði*, og enn nýrri þýðing nefnir bókina *Fullnuminn*.

og hefur vald yfir þeim. Tónverkið sem hann leikur er afar einkennilegt. Slíkan tónblæ og tónabyggingu hafði Scott aldrei heyrt fyrr. — Þess skal getið, að Scott er tónskáld. — Þegar tónverkinu er lokið og hljómurinn er með öllu dáinn út, sér Scott að meistarinn K. H. er kominn til þeirra í kapellunni, og er meistarinn D. K. með honum. Þeir voru ekki mættir þarna í jarðneskum líkómum, og ekki þeim jarðneska heimi, heldur í æðri líkómum og æðri heimi. Aðkomumennirnir heilsa þeim sem fyrir eru. Að því búnu er tekið til við erindið.

Justin Moreward Haig segir meðal annars, að eins og þeim sé kunnugt, meisturunum sem viðtaddir eru, þá verði hann um óákveðinn tíma að fara til meginlandsins og dvelja þar upp til fjalla, í því skyni að iðka þar sérstakar hugleiðslur til þess að ná vissri hæð, eða kosmiskri vitund, og á meðan á því standi falli líkami hans í dvalaástand. Hann verði því að hafa með sér einn af nemendum sínum, sem taki að sér það hlutverk að gæta líkamans á meðan hann dvelur í þessu ástandi. Af þessari ástæðu geti hann ekki fullnægt þörfum nemenda sinna. Verði hann að biðja meistarann K. H. fyrir þessa nemendur sína meðan hann sé fjarverandi. Meistarinn K. H. tekur þessu vel, og kveðst þurfa að gefa heiminum nýja tegund af hljómlist, sem svari frekar til hinnar hugrænu hliðar mannsins en sú eldri hafi megnað að gera. Hann kveðst með ánægju veita þessum nýju nemendum viðtöku. Þeir séu nú ekki með öllu ókunnugir, því að þegar hann var Pythagoras á Grikklandi, 600 árum f.Kr., þá hafi þeir verið lærisveinar hans. Nú hafi hann kjörið Lyall til þess að vera farveg fyrir þessa tegund hljómlistar og gefa hana heiminum. En sá sé gallinn á, að hann (Lyall) sé enn ekki nægilega þjálft verkfæri til þess að veita þessu viðtöku og birta það hér í heimi. Meistarinn D. K. býðst til að taka að sér að þjálfar hann, svo að hann verði fyllilega nothæfur til þess að geta veitt þessari nýju tegund hljómlistar viðtöku og gefa hana á ný.

Ég hef tekið þessa stytta frásögn til þess að benda á hvernig og hvaða leiðir meistararnir fara í gerðum sínum. Eins og áður hefur verið vikið að eru að öllum líkindum margar, jafnvel ótal leiðir, sem meistararnir hafa um að velja þegar um það er að ræða að gera mönnunum og heiminum gagn, og við fáum alls ekki vitneskju um nema örlítið brot af þeim möguleikum sem þeir hafa yfir að ráða, því að aðalvitundin, dagvitund þeirra, hvílir í Nirvana, eða hinum andlega heimi, en okkar aðeins hér.

Eru meistararnir ekki englar eða guðir, spyrja sumir, og eru því gersamlega óaðgengilegir fyrir mennska menn? Þeir eru menn alveg eins og við, en eru andlega séð miklu meira en menn. Þeir hafa lært allt sem mannkyninu er ætlað að nema á núverandi þróunarskeiði. Þeir eru því starfandi mitt á meðal okkar og eru menn eins og við, og geta menn því nálgast þá, ef svo ber undir að þeir verði þess verðir að ná samvistum við þá hér, og vinna þau verk sem þeir þurfa að láta inna af hendi. En menn verða að kappkosta að lifa andlegu lífi ef þeir eiga að geta náð upp til þeirra. Það er eina ráðið til þess að geta notið fræðslu þeirra og leiðbeininga.

Því er haldið fram að mannkynið hafi þegar framleitt um 60 fullnuma. Nokkrir þeirra (16) eru hér, og starfa og lifa í jarðneskum líkómum hér á jörðu.

Meistararnir

Svo eru nokkrir sem ekki lifa í jarðneskum líkömum, en hafa tekist á hendur það mikilvæga hlutverk að lifa í sambandi við okkur menn og veita æðri orku í þar til gerð forðabúr. Eru þeir nefndir „Nirmanakayar“. Ýmsar starfsgreinar, svo sem kirkjan o.fl., sem ég hef gert að umtalsefni hér að framan, eru settar í samband við þessi forðabúr, og á þann hátt er orku þessari veitt yfir heiminn sem náðarmeðali mannkyni til blessunar og þroska. En um leið njóta öll hin lægri náttúruríki góðs af áhrifum þessum, og baða sig í ljósi því hinu mikla, sem þessir völdugu þjónar mannkynsins hafa gefið þeim.

Allir aðrir, þeir sem þá eru eftir af þessum 60 fullnumum, hafa algerlega horfið frá þessari jörð til annarra pláneta til þess að þjóna þróuninni þar.

Jón Árnason, prentari.



Jón Árnason prentari